

VELFERÐ

MÁLGAGN OG FRÉTTABRÉF HJARTAHEILLA

16. árg. • 3. tbl. • Desember 2004

Verðkönnun á lyfjum

Tifandi tímasprengjur

Himneskt lamb

„Ét mitt hangikjöt“



SUBWAY

Vertu
skynsamur,
vertu
hjartagóður.

7 SUBWAY
kafbátar
með **6** grömm
af fitu
eða minna



Jan Mayen verð á lyfjum



Eggert Skúlason.

Heilbrigðisráðherra og heildsalar í bandalagi við framleiðendur á lyfjum undirrituðu stórmerkilegt samkomulag á sumarmánuðum um lyfjaverð. Þetta lyfjaverð nær þó ekki nema að vörumóttöku stóru lyfjakeðjanna. Eftir að lyfin eru komin á lager er ekki mikið um afslætti og hámarksverð á lyfjum ríkis. Heilbrigðisráðherra lofaði Norðurlandaverði á lyfjum innan tveggja ára. Mikið verk er framundan og óvíst miðað við núverandi frost í viðræðum við apótekara að slíkt sé gerlegt. Nú ríkir Jan Mayen verð á lyfjum á Íslandi. Þau eru seld hæsta mögulega verði og afslættir eru hverfandi og er það í samræmi við hótanir lyfsala í haust. Verðlag í einu sjöppunni á Jan Mayen er mjög hátt. Sjaldan koma nýjar vörur og fáir eru til að kaupa. Þess vegna er vöruverð hátt þar. Við viljum ekki þufa að bera okkur saman við Jan Mayen. Verðkönnun sem Velferð kynnir í

þessu tölublaði sýnir svo ekki verður um villst að afslættir til neytenda eru hverfandi og þá sérstaklega hjá keðjunum, sem ættu að geta boðið best. Eitt apótek sker sig úr og það er Rima Apótek. Það er eina apótekið í könnun Velferðar sem býður verulega afslætti. Raunar býður Rima Apótek svo vel að það borgar sig fyrir neytendur að keyra sveitarfélaga á milli til að versla í þessa litla sjálfstæða apóteki í Grafarvogi. Nú er mál að linni og að stærri apótekin bjóði þá afslætti sem hin mikla velta og magninnkaup eiga að tryggja. Gerist það ekki mun Hjartaheill leita allra leiða til að koma upp eigin lyfjaverslun og hefur raunar þegar hafið athuganir á því.

Þakkir til svo margra

Gífurlega margir hafa stutt samtökin okkar með framlögum og samstarfi á þessu ári. Án þessara aðila væru samtökin vanmáttug. Ber þar að þakka mörgum en til að gera ekki upp á milli skulu engir nefndir sérstaklega á nafn. Mikil umræða hefur verið upp á síðkastið um samfélagslega ábyrgð stórfyrirtækja. Hjartaheill getur með nokkru stolti sagt að þessi ábyrgð hafi birst okkur í verki. Mikil starf er hins vegar framundan og sérstaklega þegar kemur að Neistanum, sem geymir yngstu meðlimi samtakanna okkar, börnin. Neistinn verður tíu ára á næsta ári og við ætlum að halda heljarinnar afmæli með ykkur öllum. Þangað til; gleðileg jól og munið að jólasveinninn er til. Hvort sem hann er innra með okkur eða á leið til byggða.

Eggert Skúlason

Norðurlandaverð innan tveggja ára



Hjartaheill – nýtt nafn



Á áttunda landsþingi Landssamtaka hjartasjúklinga var samþykkt tillaga um að breyta nafni og merki samtakanna. Nýtt nafn er Hjartaheill, Landssamtök hjartasjúklinga. Þessi breyting var samþykkt með miklum meirihluta greiddra atkvæða á þinginu. Þá er einnig mikil ánægja með nýtt merki samtakanna. Þessi nafnabreyting og nýtt útlit er liður í því að sækja á ný mið forvarna og heilsueflingar og opna félagið upp fyrir fleirum en bara sjúklingum. Velferð hefur merkt mikla ánægju með nýja merkið og einnig með nýja nafnið.

Velferð, málagn og fréttabréf Hjartaheilla.

Útgefandi: Hjartaheill, Landssamtök hjartasjúklinga, Síðumúla 6, 108 Reykjavík

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Eggert Skúlason.

Ritnefnd: Atli Steinarsson, Ásgeir Þór Árnason og Eggert Skúlason.

Prentun og umbrot: Gutenberg.

Forsíðumynd: Pjetur Sigurðsson.





Íbúðalánasjóður fyrir þig

Lánamöguleikar fyrir einstaklinga með hjartasjúkdóma

- Íbúðalánasjóður lánar öllum landsmönnum á sömu kjörum hvar sem þeir búa á landinu
- Íbúðalánasjóður getur veitt **aukalan** þeim sem búa **við skerta starfsorku**
- Íbúðalánasjóður býður **greiðslufrestun í allt að 3 ár** ef áfall ber að höndum
- **Vextir Íbúðalánasjóðs eru lágir og haldast** fastir út lánstímann sem er **20, 30 eða 40 ár**
- Íbúðalánasjóðslán má greiða inn á eða greiða upp **hvenær sem er** á lánstímanum **án kostnaðar**
- Það er hægt að **lengja og stytta lánstíma** lána hjá Íbúðalánasjóði hvenær sem er
- Íbúðalánasjóður getur **skuldbreytt vanskilum** í 15 ára lán

FABRIKIAN

Lagt af stað í hjartagönguna. Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra og Logi Ólafsson landsliðsþjálfari leggja upp í gönguna ásamt Eggert Skúlasyni varaformanni HjartaHeilla. Til þess var tekið að Logi og Jón voru báðir í góðu formi og blésu ekki úr nös. Raunar sagði Logi að hann gæti auðveldlega tekið annan hring.

Frábær dagur

Alþjóðlegi hjartadagurinn var haldinn hátíðlegur 26. september. Skemmst er frá því að segja að dagurinn lukkaðist afar vel. Gott veður, skemmtileg dagskrá og fjöldi fólks. Þegar þetta fer saman er ekki hægt annað en að hlutirnir gangi upp. HjartaHeill í samstarfi við Hjartavernd höfðu veg og vanda af dagskránni. Aðalstyrktaraðili dagsins var Actavis og settu einkennislitir fyrirtækisins skemmtilegan brag á hjartagönguna. Talið er að um 400 manns hafi farið gönguna á enda og það mun meiri þátttaka en verið hefur. Dagurinn í ár var tileinkaður börnum og offitu. Boðskapur dagsins var einfaldur. Til að eiga gott hjarta um langan tíma þarf að hreyfa sig reglulega og borða hollt. Sér-



Hvað er betra en iskaldur Kristall á göngu. Egils kom með tvö full fiskikör af drykknum freiðandi og gerði göngumenn og gestir sér gott af honum.



Solla stírða og Halla hrekkjusvin komu alla leið frá Latabæ og gerðu sér glaðan dag. Krökkunum og líka þeim fullorðnu líkað vel þeirra framlag og allir sungu með. Solla stírða var með finan blóðþrýsting þrátt fyrir að vera stírð og Halla hrekkjusvin reyndist líka í toppformi.

lega var ánægjulegt að sjá hversu mörg börn og unglingar voru með okkur þennan dag.

Sérstakur gestur var heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson og einnig gaf Logi Ólafsson landsliðsþjálfari sér tíma til að ávarpa göngufólk og labba með okkur rúma 2 kílómetra. Boðið var upp á mælingar á kólesteróli og blóðþrýstingi á vegum AstraZenega og Hjartaverndar. Subway styrkti HjartaHeill

með skemmtilegum hætti og rann sala á fitulitlum bátum á öllum þeirra stöðum á landinu til HjartaHeilla, ásamt sölu á Toppí frá Vífilfelli. Þá ber loks að nefna Esso og Ölgerðina sem gaf Egils kristal í hundruða vís. Við þökkum kærlega fyrir okkur og nutum dagsins vel.



Fyrir þig hjartað mitt

Hjartamagnýl – Dýrmæt forvörn

Notkunarsvið: Hjartamagnýl inniheldur 75 mg af virka efninu asetýlsalisýlsýru sem hefur segavarnandi áhrif. Hjartamagnýl er notað sem fyrirbyggjandi meðferð gegn kransæðastíflu hjá einstaklingum með kransæðasjúkdóm. Hjartamagnýl minnkar einnig líkur á heilablóðfalli og tímabundnum blóðþurrðareinkennum frá heila. **Varúðarreglur:** Einstaklingar sem hafa ofnæmi fyrir asetýlsalisýlsýru eða öðrum salisýlötum ættu ekki að taka lyfið. Einstaklingar sem eru með astma, blæðingarsjúkdóma eða virkt magasár ættu ekki að taka lyfið. Takmörkuð reynsla er af notkun lyfsins hjá þunguðum konum og er því ekki mælt með notkun á meðgöngu. Lyfið er ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Hjartamagnýl getur valdið aukaverkunum eins og ofnæmi, astma, meltingarþægindum og jafnvel sárum á magaslímhúð. **Skömmtun:** Ráðlagðir skammtar fyrir fullorðna eru 75–150 mg á dag. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 23.12.03

„Ét mitt hangikjöt hvað sem tautar og raular“

segir hjartasjúklingurinn Garðar Helgason á Akureyri sem fékk góðan bata við uppskurð eftir mikið heilsuleysi í nokkur ár þar á undan

Garðar Helgason er Akureyringur á sextugsaldri. Ekki frekar en flestir aðrir í hans sporum ber hann það með sér að vera hjartasjúklingur, en svo er nú samt, og hefur Garðar um nokkuð árabíl þurft að heyja harða batráttu til að ná heilsunni aftur eftir miklar hremmingar. Undanfarin missæri hefur mikið sést til Garðars á reiðhjóli í bænum og hann segist nota þann farskjóta talsvert til að halda sér í formi.

„Já, ég hjóla mikið, og ég hjóla til dæmis alltaf í vinnuna á veturna ef færið er sæmilegt. Þar fyrir utan tek ég svo hjólatúra og reyni að fara nokkuð víða. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það gerir mér gott að hjóla, en ég byrjaði á því fljótlega eftir að ég kom af Reykjalundi, rétt fyrir mitt ár 2000.“

Var ekki brjóstsviði

Garðar segir að snemma árs 1996 hafi "hjartavesnið" hans hafist. "Ég var búinn að finna fyrir verkjum og hafði farið til læknis en helst var hallast að því að um brjóstsviða væri að ræða. Ég vissi auðvitað ekkert hvað var á ferðinni og var búinn að éta töflur við brjóstsviða um tíma í þeirri von að losna við verkinn. Það var svo eitt sinn að ég var heima í hvíld eftir vinnu að það komu svo harðir verkir að ég var í kjölfarið fluttur upp á sjúkrahús." segir Garðar um fyrstu kynni hans af hjartasjúkdómnum.

Garðar segist hafa legið á lyflækningadeild FSA í rúma viku og Jón Þór Sverrisson hjartalæknir hafi stundað sig. "Ég var svo sendur beint af spítalanum í þræðingu á Landsspítalanum. Þar kom í ljós æðaprenging en mér var jafnframt tjáð að hún væri á svo slæmum stað það væri ekkert hægt fyrir mig að gera. Ég var jú blásinn en annað var ekki gert þá. Þessi sami ferill allur kom svo upp nokkrum mánuðum síðar og þá fékk ég stoðnet í æðarnar."

Níu barna faðir

Garðar var rétt tæplega fimmtugur þegar þetta gerðist, og segist hafa verið í ágætu líkamlegu ástandi. "Það var geysilega mikil vinna



Garðar Helgason og Védís Helgadóttir á göngu í fallegu vetrarveðri á Akureyri.

og vinnudagurinn oft langur. Ég hafði aldrei kennt mér neins meins þangað til að ég fékk þessa verki sem taldir voru vera brjóstsviði."

Ástundaðir þú holla lifnaðarhætti á þessum tíma?

"Ég veit það nú ekki, og maður át auðvitað hvað sem var. Hinsvegar var ég búinn að vera reykingamaður lengi. Jón Þór var nú ekki lengi að taka á þeim þætti málsins þegar þar að kom og ég snarhætti auðvitað að reykja.

Ég var með stóra fjölskyldu, við hjónin eigum níu börn og lengi vel á meðan börnin voru litil var konan mín Védís Baldursdóttir heimavinnandi, en hún var komin á vinnumarkaðinn þegar ég veiktist."

Hvers vegna höfðuð þið börnin ekki tíu svo þið hefðuð í fótboltalið með þig í markinu?

"Ja það er nú það. Þessar barneignir voru búnar að ganga yfir á fimmtán ára tímabili og

ætli meg ekki segja að þetta hafi verið orðið ágætt, maður hafði verið vel að verki á þessu tímabili."

Flyksur í æðunum

Garðar segir að hann hafi aldrei fengið langan tíma án þess að eiga í verulegum vandræðum með heilsuna, eftir að hann veiktist fyrst 1996 og til þess að hann var skorinn árið 2000.

"Þetta endurtók sig hvað eftir annað. Eftir að fyrsta stoðnetið var sett leið eitt og hálft ár þangað til setja þurfti annað stoðnet og ég var að fara í fjórða skiptið á Landsspítalanum í mars 2000 þegar hjólin fóru loksins að snúast í rétta átt. Þá átti reyndar bara að setja mig í þræðingu og skoða gripinn. Ástandið reyndist hinsvegar þannig að ég yfirgaf ekki sjúkrahúsið, en var sendur upp á sjúkrastofu og lagður inn. Sérfræðingarnir töluðu meðal annars. um einhverjar flyksur sem hingu inni í æðunum og gætu farið af stað við minnstu hreyfingu og stíflað æðarnar. Ég var svo skorinn viku síðar og síðan hef ég ekki kennt mér neins meins. Fyrir þessa aðgerð var ég orðinn algjör aumingi, hafði ekkert úthald og fékk verki við minnstu áreynslu. Það var meðal annars. orðið sjálfhætt í vinnunni því ég gat ekki nokkurn skapaðan hlut."

Orkubolti frá Reykjalundi

Garðar segir að níu vikum síðar hafi hann farið til fjögurra vikna dvalar að Reykjalundi, og eins og aðrir sem þar hafa verið í endurhæfingu ber hann Reykjalundi og starfsemi þar vel söguna. "Þar breyttist lífið heldur betur og maður breyttist úr því að vera hálfgerð hrak í að verða orkubolti þegar maður kom þaðan út. Breytingin var svakaleg og ég fór fljótlega að vinna aftur."

Eru lifnaðarhættirnir mikið breyttir?

"Frúin sá um að taka matarvenjur allar til endurskoðunar. Það er ef til vill ekki farið eftir öllu hundrað prósent sem maður ætti að gera en það er þó reynt eftir bestu getu að forðast feitt kjöt og þess háttar, steikingar eru

upp úr olíu og matarinnkaup miðast öll við að þetta sé sem heilsusamlegast."

Hvernig var því tekið af öðrum fjölskyldu-meðlimum?

"Við erum bara orðin tvö eftir þannig að það kemur ekkert niður á öðrum."

Áhættuþættir til staðar

En hvað með hreyfingu?

„Ég er í HL-stöðinni á Akureyri tvisvar í viku allan veturinn og á sumrin förum við hjónin mikið í gönguferðir. Það er varla neitt nema veður sem stöðvar okkur í því. Við reynum að fara ekki minna en 45 mínútur í einu og göngum víðsvegar um bæinn. Ég get sagt frá því ánægður að ég finn aldrei fyrir neinum verkjum í þessum gönguferðum eða þegar ég hjóla.“

Hefur þú velt fyrir þér hvers vergna þú varðst hjartasjúklingur, "passar þú til dæmis vel" inn í áhættuþættina?

Ætli ég verði ekki fyrst að nefna reykingarnar en ég var búinn að reykja mikið og lengi. Hjartasjúkdómar eru einnig mikið í minni föðurætt, pabbi dó sjálfur úr þessu og allir hans bræður hafa glímt við kransæðasjúkdóma. Jón Þór hjartalæknir sagði einhvern tíma við mig að ég skyldi leggja áherslu á það við syni mína að fara í skoðun ekki seinna en um fertugt. Ég á fjóra syni og sá elsti þeirra er 35 ára þannig að það fer að líða að því að hann þurfi að fara að huga að þessum málum."

Hugsar þú mikið um þessi mál, hvort þú gætir veikt aftur og fleira í þeim dúrnum?

"Ekki núorðið. Þetta hvíldi mikið í undirmeðvitundinni áður fyrr, meðan stríðið gekk yfir á árunum 1996 til 2000 en eftir aðgerðina er ég alveg laus við þetta, ég er ekki mikið að velta mér upp úr þessu. Það er þó gleðilegt að hugsa til þess hversu mikið tæknin hefur breyrst, árið 1996 sáu menn ekki fært að skera mig upp vegna þess að stiflan væri á erfiðum stað, en það var ekkert mál fjórum árum síðar. Mér leið auðvitað ekkert vel með þessa stíflu í mér á sínum tíma, vitandi það að hún væri á þeim stað að ekki væri hægt að eiga við hana."

Alltaf unnið hjá ÚA og Brimi

Garðar segir að tíminn frá 1996 fram að uppskurðinum hafi verið sérdeilis erfiður. Ég var með annan fótinn inn á sjúkrahúsinu hér og í ferðum suður í þræðingar og að fá ný stoðnet hvað eftir annað. Þetta var sífellt vesen sem var allt annað en skemmtilegt að standa í," segir Garðar. Og talandi um net, þá vinnur maðurinn innan um net og trossur alla daga.

Garðar hóf störf hjá Útgerðarfélagi Akureyringa árið 1963, þá 16 ára gamall og hefur alla tíð síðan unnið hjá ÚA og nú hjá Brimi. Hann varð aðstoðarverkstjóri árið 1973 til ársins 1989 að hann varð verkstjóri í togaraaf-



Garðar er níu barna faðir; „Maður var vel að verki á þessum tíma.“

greiðslu fyrirtækisins. "Í dag er þetta ekki líkamelega erfið vinna eins og áður var, en þótt maður væri verkstjóri þá tók maður þátt í störfunum," segir Garðar, og nú nefnir hann enn einn áhættuþáttinn varðandi hjartasjúkdóma.

„Maður var auðvitað út úr stressaður í vinnunni, hafði ábyrgð og mannaforráð og vildi

láta hlutina ganga eins vel og mögulegt væri.“

Skammdegið stressar marga, en þegar við Garðar spjölluðum saman var það skolið á og birtu farið að bregða verulega um miðjan dag. Það leiðir hugan að jölunum og öllu sem þeim fylgir, meðal annars góðum mat, en óhollum í mörgum tilvikum.

„Það er nú ekki alltaf farið hundrað prósent eftir einhverjum reglum og maður mun éta sitt hangikjöt á jölunum hvað sem tautar og raular. Annars étur maður svinakjöt á jölunum í seinni tíð, börnin kunnu alltaf best að meta það en áður fyrr var það lambakjötið sem þótti best.“


Kvarta ekki í dag

Garaðar segist ekki hafa farið reglulega í "tékk" hjá lækni að undanförmu. Í HL-stöðinni sé fylgst með mönnum og þeir þrekprófaðir undir eftirliti lækna og lækna á FSA hafi aðgang að þeim gögnum sem þar verða til. "Ég er eins og nýsleginn túskildingur þótt ég sé ekki eins úthaldsgóður og ég var fyrir veikindin. Ég fer í mína hjólatúra og gönguferðir og á meðan ég held þeirri heilsu sem ég hef í dag kvarta ég ekki" segir Garðar Helgason.

Lífrænt Kalk fyrir alla.

Pægileg inntaka í nær bragðlausu dufti eða hylkjum. Gott í drykki, "boozters" og mat.

- Rannsóknir sýna mikla upptöku á kalki í beinin.
- Kalk, magnesium, boron og fleiri lífræn steinefni sem auka beinþéttni.
- Teskeið af dufti er 900 mg kalk, auðveld inntaka.
- Auðmelt og veldur ekki meltingartregðu.
- Frábær kalkgjafi fyrir börn og fullorðna með mjólkuróþol og alla sem þurfa aukið kalk.
- Gæðast. ISO 9002.



LifeStream
Sérfræðingar í Lífrænni Næringu

maður lifandi
Fæst í apótekum

ORGANIC
NEW ZEALAND
CERTIFIED
Vottað lífrænt



Anna Guðmundsdóttir matreiðslumaður.

Hollt og gott

Himneskt lamb á jólum með villisveppasósu

Sennilega er ekki nema lítill hluti Íslendinga sem borðar lambakjöt á aðfangadagskvöld. Hins vegar eru margir hátíðardagar yfir jólahátíðina og hér er uppskrift að ferskum rétti, sem er hvíld frá allri villibraðinni, saltaða og reykt kjötinu. Þetta er uppskrift fyrir sex, en fer þó að sjálfsögðu ofurlítið eftir stærð lambalærisins sem notað er og hlutfalli barna við veisluborðið. Venjulegt lambalæri dugar að öllu jöfnu fyrir sex manns.

Hráefni:

1 stk. Lambalæri
6 – 8 flök ansjósar úr dós
3 – 4 stór hvítlauksrif
Ferskt rósmarín
Sítrónusafi
Maldon salt og nýmalaður svartur pipar
Ólífuolía

Aðferð:

Snyrtið lærið og skerið í það rifur á sex til átta stöðum. Potið hálfu hvítlauksrifi, ansjósuflaki og rósmarín nálum í rifurnar. Nuddið sítrónusafa og ólífuolíu utan á lærið. Kryddið lærið með salti og pipar. Og steikið lærið við 170 gráður í ca einn og hálfan tíma eftir stærð læris. Gott er að eiga kjöthitamæli og þegar hitinn í miðju lærinu er kominn í 65 stig er kjötið tekið út og látið standa í fimm til tíu mínútur áður en það er skorið.

Ofnbakaðar kartöflur:

Flysið sex til tíu meðalstórar kartöflur og brúnið upp úr olíu á pönnu og setjið í eldfast mót. Búið til soð úr vatni og nautakraftsteningi frá Knorr. Hellið yfir kartöflurnar svo þær séu hálfar í soði. Setjið í ofninn í ca 50 mínútur.

Hráskinkuvafinn aspas:

250 gr ferskur mini aspas og sex sneiðar hráskinka. Skiptið aspasnum í sex hluta. Skerið af neðri endanum ef kynni að vera að neðsti hluti stöngullsins hefði trénað. Vefjið skinkusneið um hvern aspas part. Sjóðið á pönnu með vatni og örlitlu smjöri og salti í nokkrar mínútur eða þar til aspasinn er soðinn. Gott er að bregða aspasinum undir grillið í ofninum, áður en hann er borinn fram.



Myndatexti 2: Svona læri er afar bragðgott og nýtist að fullu. Ef afgangur er má útbúa gómsætar samlokur eða pottrétt.

Villisveppasósa:

Leggið eina lúku af þurrkuðum villisveppum í volgt vatn í klukkutíma. Takið sveppina úr vatninu og steikið í potti. Bætið soðinu sem kemur af lambinu út í pottinn ásamt vatninu af sveppunum. Þykkið með ljósum maizena jafnara. Bragðbætið með salti eða krafti eftir smekk. Loks er bætt ca einum desílítra af matreiðslurjóma út í og sósulit, ef vill.

Nú er veislumáltíðin fullsköpuð. Til að kóróna þetta er rétt að búa til uppáhalds grænmetisalatíð sitt og fer það vel með. Til dæmis er hægt að kaupa klettsalat og skera niður tómata í það og mýkja með olíu og balsamikediki og að sjálfsögðu salt og pipar.

sjá eftirrätt á bls. 10.



Ljúffeng gjöf sem gleður!

Falleg gjafakarfa með úrvali af bragðgóðum íslenskum ostum er tilvalin jólagjöf handa starfsfólki og viðskiptavinum.

Við bjóðum staðlaðar ostakörfur en einnig er hægt að velja osta að vild. Ef þú vilt bæta annarri matvöru, víni eða gjafavöru í körfurnar þá sjáum við um að pakka henni með – þér að kostnaðarlausu!

Körfurnar eru afhentar í sellófani með slaufu.

Einnig bjóðum við ostakassa til að senda til viðskiptavina og starfsfólks á erlendra grundu.

Athugið að panta gjafakörfur tímanlega svo enginn fari í jólaköttinn!

Við bendum þér á að kikja á heimasíðu okkar www.ostur.is þar sem finna má nánari upplýsingar um þessa vinsælu jólagjöf.

Þú færð ráðgjöf og tilboð hjá sölufulltrúum í sínum 569 1600 og 569 1620.

Einnig geturðu sent fyrirspurnir á netfangið ghj@oss.is eða með faxi í númer 587 6906.



Eftirréttur fyrir 6

Hnetuís með rjóma og flamberuðum bönunum

Hnetuís - Hráefni:

4 eggjarauður.
1 heilt egg.
40 gr. púðursykur.
60 gr. flórsykur.
2 tsk. vanillusykur.
80 - 100 gr. pecanhnetur. (saxaðar, ekki nota mixer)
3 msk. Heslihnetusýróp (fæst í Kaffitár.)
1/2 l. rjómi.

Best að byrja á að þeyta rjóma. (ekki stifþeyta)

Egginn þeytt ásamt púðursykri, flórsykri og vanillusyksi. Þeytt þar til verður létt og freiðandi (ca 5 mín.)

Blandið rjómanum varlega saman við, með sleif. Að lokum eru hnetunum og sýrópinu blandað saman við. Fryst.

Flamberaðir bananar.

Hráefni:

3 lítið þroskaðir bananar. (skornir í sneiðar)
4 msk. púðursykur.
50 gr. smjör.
1/2 dl. dökkt romm.

Púðursykur og smjör brætt á pönnu. (passa að brenna ekki.) Romminu hellt út á og kveikt í. Passa að vera ekki með andlit yfir pönnunni. Það gæti þýtt stuttur toppur og engar augabrúnir og augnhár. Ef varlega er farið er þetta algerlega hættulaust. Eldurinn sloknar af sjálfu sér þegar vínandinn er brunninn. Bananasneiðar settar á pönnuna og hrært saman.

Gott að bera fram með þeyttum rjóma. Þessi eftirréttur hentar vel á stórhátíðum enda alger sprengja, fyrir sál og líkama. Verði ykkur að góðu.



Himnesk Símajól

Glæsilegur sími
með myndavél

Léttkaupsútborgun:

980 kr.
og 2.000 kr. á mán.
í 12 mán.

Sony Ericsson K700

Verð aðeins:

24.980 kr.

Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.



KAUPAUKI

3.000 kr. inneign* eða
70 mínútur III á DVD
fylgir GSM símunum**
í desember.

* 500 kr. á mánuði í 6 mánuði.

** Sem eru fyrir
GSM kort frá
Símanum.



Frábær myndasími með
ötrúlegum möguleikum

Léttkaupsútborgun:

980 kr.
og 1.000 kr. á mán.
í 12 mán.

Sony Ericsson T630

Verð aðeins:

12.980 kr.

Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.



TAKMARKAÐ MAGN

Frí uppsetning
á þráðlausu
Interneti*

DESEMBER- TILBOÐ

- 75% afsláttur af umfragnamagnni
- Frimánuður á Frontpage námskeiði á Tölvunám.is
- Tölvuleikurinn Civilization III - Gold edition - spilun án endurgjalds í einn mánuð
- Tölvuleikurinn Moorhuhn II gefins

KAUPAUKI*

Þráðlaust netkort
eða USB loftnet
fyrir þráðtölvu.

*M.v. 12 mánaða áskrift.

Verð á búnaði:

2.490 kr.

ÞRÁÐLAUST INTERNET

Stofngjald m.v.
12 mánaða áskrift



SMS
HEIMASÍMI



Léttkaupsútborgun:

980 kr.
og 750 kr. á mán.
í 12 mán.

Doro 850 - SMS

Verð aðeins:

9.980 kr.

Við hjálpum þér
að láta það gerast

* Frí uppsetning gildir aðeins ef þú kaupir ADSL 2000/3000 og Internetáskrift með að minnsta kosti 750 MB gagnamagn inniföldu. Tilboðið gildir út desember 2004.

Í byrjun næsta árs geta
viðskiptavinir Símans sent
og tekið á móti SMS með
SMS heimasímunum.

Síminn

Íslensk erfðagreining:

Stórt skref í átt að nýju erfðalyfi

Ríflega 170 manns tóku þátt í rannsókn Íslenskrar erfðagreiningar á lyfinu DG031, sem við höfum ítrekað sagt frá í Velferð. Skemmst er frá því að segja að rannsóknirnar komu vel út og var staðfest að lyfið hefur áhrif á þá bólguvaka og efni í líkamanum sem talið er að geti leitt til hjartaáfalls. Þetta eru mjög jákvæðar niðurstöður, þó svo að forsvarsmenn ÍE gæti varkárni í opinberum svörum um málið. Engar alvarlegar aukaverkanir komu fram við rannsóknina og er það ekki síður mikilvægt í þessari rannsóknalotu.



Lyfið DG031 komið í töfluform. Við spurðum Kára hvað lyfið ætti að heita. Það liggur ekki fyrir.



Rannsóknastofur Íslenskrar erfðagreiningar eru einn af útvörðum mannlegrar þekkingar á sviði vísinda. Mynd Eric Wolf

„Niðurstöður erfðarannsókna okkar á hjartaáfalli gáfu til kynna að myndun bólguvakans LTB4 væri lykilatriði í breytingum í æðum sem leiða til hjartaáfalls. DG031 var hannað til að hindra virkni FLAP ensímsins sem stjórnar myndun þessa bólguvaka. Niðurstöður þessara lyfjaprófana lofa góðu því þær sýna að DG031 hefur ekki einungis áhrif á myndun LTB4 heldur einnig á styrk MPO sem aðrar rannsóknir hafa sýnt að hefur spágildi varðandi hættu á hjartaáfalli,” sagði Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar. „Sú staðreynd að DG031 hefur áhrif á MPO segir okkur að við getum notað mælingar á styrk þessa ensíms til að meta á óbeinan hátt hverjir séu í aukinni hættu á að fá hjartaáfall vegna breytileika í myndunarferli LTB4. Slíkur óbeinn mælikvarði mun auðvelda okkur áframhaldandi prófanir á lyfinu í fasa III. Markmið þeirra rannsókna verður að kanna hvort lyfið fækki hjartaáföllum í hópi þátttakenda.”

Þátttakendur í lyfjaprófununum voru einstaklingar sem hafa fengið hjartaáfall eða kransæðastíflu og eru með einn eða fleiri erfðaþætti sem vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa tengt við hjartaáfall. Fyrstu fjórar vikurnar fékk helmingur þátttakenda eina af þremur mismunandi skammtastærðum af DG031, þ.e. eina, tvær eða þrjár 250 mg töflur á dag. Hinn helmingur hópsins tók lyfleysu á sama tíma. Eftir hálfsmánaðar hlé var prófununum víxlað á þann hátt að hópurinn sem í upphafi tók lyfleysu fékk mismunandi skammtastærðir DG031 og hópurinn sem upphaflega byrjaði á lyfinu fékk lyfleysu.

Nú standa fyrir dyrum frekari rannsóknir og mun víðtækara lyfjapróf á alþjóðlega vísu. Algerlega óvíst er að fullyrða að þessar rannsóknir leiði til framleiðslu á lyfi sem gagnast muni hjartasjúklingum. En víst er að stórt skref hefur verið stigið í átt að slíkri niðurstöðu.

Fyrirtækjamælingar á vegum Hjartaheilla

Hjartaheill og Lyfjafyrirtækið AstraZeneca standa nú fyrir blóðfitu og blóðþrýstingsmælingum víðsvegar um land. Þegar er búið að mæla í Grundarfirði og í Vestmannaeyjum. Í janúar er stefnt að því að bjóða upp á slíka mælingu í Borgarnesi. Vilji stendur til þess að fara á alla þéttbýlisstaði á Íslandi og bjóða upp á mælingar á þessum helstu lífsgildum. Mælingin í Grundarfirði lukkaðist mjög vel og komu hátt í hundrað manns til að fá ókeypis mælingu. Mjög ánægjulegt var að flestir þeir sem komu voru að komu í fyrsta skipti en tilgangur með þessum mælingum er einmitt að ná til nýrra aðila. Notaðir eru nýmóðins mælar sem AstraZeneca hefur gefið til verkefnisins. Á hverjum stað þar sem mælt er eru skyldir eftir mælar sem gjöf til viðkomandi heilsugæslu og er það gjöf frá AstraZeneca og Hjartaheill. Þessir mælar eru afar nákvæmir og gefa nákvæma niðurstöðu út frá einum blóðdropa á innan við tveimur mínútum. Tíu prósent þeirra sem mældir voru reyndust með kólesteról yfir sjö og telst það hátt. Mjög margir voru á bilinu 6 til 7. Í Vestmannaeyjum var líka góð að-

sókn í mælingu og sami háttur var hafður á og í Grundarfirði. Þar fundust einnig einstaklingar með verulega há gildi. Þetta fólk fékk leiðbeiningar um hvernig rétt væri að bregðast við.



Horft til fyrirtækja

Hjartaheill ætlar nú að útvíkka þessa mælingarherferð og hefur verið ákveðið að bjóða fyrirtækjum upp á mælingar fyrir starfsmenn gegn vægu gjaldi. Með í þessum pakka verður upp á næringarráðgjöf fyrir starfsmenn og einnig fræðslu um forvarnir, hvað þarf að hreyfa sig mikið og hvaða viðmið er rétt að setja sér. Eftir slíka mælingu fær fyrirtækið skýrslu þar sem tekið er sam-

an staða hins dæmigerða starfsmanns, með einskonar vísitölu. Hugmyndin er að fyrirtæki geti svo síðar fengið aðra mælingu og séð hvert stefnir og hvort vísitalan er upp á við eða niður á við. Þeir sem hafa áhuga á að fá frekari upplýsingar geta hringt á skrifstofu Hjartaheilla í síma 552-5744 eða sent tölvupóst á eggert@hjartaheill.is. Þessi nýja þjónusta fer fram undir merkjum Hjartaheilla og hefur hlotið nafnið Heilsuvernd fyrirtækja.

Ábyrgð á eigin líkama

Krafan er að fólk taki ábyrgð á eigin líkama og þá í jákvæðri merkingu. Gott er að fá stöðumat á helstu lífsgildum til að vita hvar fólk stendur. Einnig er rétt að hafa í huga að ef þessi lífsgildi eru há getur reynst nauðsynlegt að grípa inn í til að mynda ef um of háan blóðþrýsting er að ræða. Mælingar á vegum Hjartaheilla sem farið verður í víða um land, verða kynntar í fjölmiðlum þegar liður fram yfir áramót.

... hvernig þú getur tryggt frelsi þitt



með einum öryggishnappi

Securitas
öryggi

Með öryggishnappi Securitas getur þú notið þess að dvelja lengur heima. Hnappurinn er tengdur beint við stjórnstöð okkar og þar með neyðarlinuna 112. Sérþjálfað starfsfólk okkar vakir yfir öryggi þínu og bregst við hvenær sem þú þarfnast þess. Öryggishnappur Securitas er auðveld og þægileg aðferð til að tryggja sér öryggi. Hann er léttur og þægilegur líkt og armbandsúr.

Tryggðu þér og þínum aukið frelsi með Securitas öryggishnappinum

Eitt símtal núna – síminn er 580 7000



50% verðmunur

Rima Apótek lang ódýrast hvort sem er um að ræða lausasölulyf eða lyfseðilskyld lyf.

Í óvísindalegri verðkönnun sem Velferð framkvæmdi síðari hluta nóvember kom í ljós ótrúlegur verðmunur á milli einstakra apóteka. Fyrir valinu varð að hringja í nokkra aðila á þessum markaði. Þeir eru Lyfja og var hringt í verslun Lyfju í Lágmúla, Lyf og heilsa og var hringt í verslun þeirra í Austurverí. Báðar þessar verslanir bjóða upp á opnunartíma sem er mun lengri en gengur og gerist hjá hefðbundnum apótekum. Einnig var hringt sjálfstæða aðila og urðu fyrir valinu Rima Apótek í Grafarvogi, Árbæjarapótek og Apótek Skipholts. Við völdum af handahófi nokkur lyf. Fjögur þeirra eru lyfseðilskyld og eitt er selt í lausasölu. Þessi lyf má sjá í töflunni sem birtist með þessari grein. Við starfsmenn í þessum apótekum var sagt að verið væri að leita eftir verði í þau lyf sem tilgreind voru. Ekki var tekið fram að um verðkönnun væri að ræða. Á öllum stöðum var spurt hvort viðkomandi væri með lyfjaskirteini eða örorkuþegi. Því var svarað neitandi og tilkynnt að einungis væri um að ræða lyfseðil með þátttöku Tryggingastofnunar.

Ramace 5 mg 98 stk

Apótek	Hlutur sjúklings	Afsláttur
Apótek Skipholts	3400 kr	0%
Lyf og heilsa	3400 kr	0%
Lyfja	3049 kr	9.1%
Árbæjarapótek	2937 kr	13.6%
Rima Apótek	2040 kr	40%

Korsem R 120 mg 100 stk

Apótek	Hlutur sjúklings	Afsláttur
Apótek Skipholts	3281 kr	2%
Lyf og heilsa	3281 kr	2%
Árbæjarapótek	3001 kr	9%
Lyfja	2566 kr	20%
Rima Apótek	2157 kr	35%

Imdur 30 mg 98 stk

Apótek	Hlutur sjúklings	Afsláttur
Apótek Skipholts	2692 kr	0%
Lyf og heilsa	2692 kr	0%
Lyfja	2566 kr	4.7%
Árbæjarapótek	2531 kr	6%
Rima Apótek	2153 kr	20%

Hjartamagnyl

Apótek	Hlutur sjúklings	Afsláttur
Lyf og heilsa	498 kr	
Apótek Skipholts	498 kr	
Lyfja	489 kr	
Árbæjarapótek	456 kr	
Rima Apótek	425 kr	

Zarator 20 mg 100 stk

Apótek	Hlutur sjúklings	Afsláttur
Lyf og heilsa	4950 kr	0%
Lyfja	4501 kr	9.1%
Árbæjarapótek	3954 kr	20.1%
Apótek Skipholts	3800 kr	23%
Rima Apótek	2970 kr	40%

Árbæjarapóteki og Apóteki Skipholts. Þessi verðmunur er of mikill. Hann gefur ekki rétta mynd af samkeppnismarkaði. Fyrirfram hefði verið eðlilegt að álykta að keðjurnar, Lyfja og Lyf og heilsa væru að bjóða hagstæðari verð en til að mynda litlu apótekin, í krafti magn innkaupa og veltu. Og talandi um veltu. Áætla má að félagsmenn Hjartaheilla, sem telja hátt í fjögur þúsund séu að skapa veltu í lyfjageiranum sem nemur um átta hundruð milljónum króna, á ári. Þá erum við að gera ráð fyrir því að meðal hjartasjúklingurinn kaupi lyf á ári hverju fyrir um 200 þúsund krónur. Hér er

ekki verið að horfa eingöngu á hjartalíf, heldur einnig það sem margir þurfa að taka eins og magalyf, sykursýkislyf og fleiri slík lyf. Rétt er að taka fram að hér er miðað við heildarverð en greiðsla sjúklings er mun lægri en 200 þúsund krónur. Það er ljóst að með verðlagningu Rima Apóteks geta hjartasjúklingar sparað sér umtalsverðar fjárhæðir á ársgrundvelli með því að nýta sér góða afslætti þar.

Þegar þessi lyf er lögð saman og sett í einn pakka, þá kemur út að Rima Apótek selur þessi fimm lyf á kr. 9.745. Ef til samanburðar

er tekið hæsta verð fyrir öll lyf þá kemur það út á kr. 14.821. Þarna munar 5.076 krónum. Á ársgrundvelli léti þetta nærri að vera 20 þúsund krónur. Verðmunurinn er um 50 prósent. Meira að segja rúm 50 prósent. Þið dæmið svo sjálf um það hvort og hvernig þið bregðið við þessari verðkönnun.

Velferð mun endurtaka þessa verðkönnun í næsta blaði. Verður þá hringt í sömu apótek og spurt um verð þessara sömu lyfja. Verður afar fróðlegt að fylgjast með því hvort og þá hversu miklar breytingar hafa orðið á verðinu.



Austurbakki hf.
Köllunarklettsveg 2, 104 Reykjavík, Ísland



BERUM ÁBYRGÐ Á EIGIN HEILSU

Heilsustofnun NLFÍ, 810 Hveragerði
☎ 483 0300 ; www.hnlf.is ; heilsu@hnlf.is



Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

SKÖTUVEISLA PERLUNNAR

Þorláksmessa - 23. desember

Frá hádegi á Þorláksmessu og fram eftir degi bjóða matreiðslumeistarar Perlunnar upp á sannkallaða skötuveislu sem enginn skötuunnandi má láta framhjá sér fara. Á meðan er einnig hægt að gæða sér á vinsælasta jólahlaðborði landsins.

Aðeins 3.590 kr.



Perlan Restaurant · Öskjuhlíð · 125 Reykjavík
Sími: (354) 562 0200 · Fax: (354) 562 0207
Tölvupóstur: perlan@perlan.is · Vefur: www.perlan.is

Ertu á réttri leið?

Sjálfspróf hvers konar hjálpa okkur að meta hvernig við stöndum í lífinu eða á afmörkuðum sviðum. Velferð birtir hér slíkt próf sem hjálpar þátttakendum að ákvarða hvert þeirra líf er á réttri leið. Merktu við spurningarnar og leggðu svo saman heildar stigafjölda og sjáðu hvar þú stendur. Svar við A lið gefur 3 stig. B gefur 2 stig og C gefur 1 stig.

1. Tvær feitar kótiletur eru á disknum fyrir framman þig. Þú.....

- a. ...hellir sósunni yfir fituna og flýtir þér að borða hana.
- b. ...skerð fituna af annarri en borðar fituna af hinn.
- c. ...skerð fituna af báðum og setur á rusladiskinn, svo allir taki eftir.

2. Það er jóladagskvöld og þú ert orðinn glorhungerður, þó svo að aðeins sé klukkustund frá því þú borðaðir á við þrjá af hangikjöti. Þú....

- a. ...færð þér aftur þriggja manna skamt og skammast þín ekki. Það eru jú jól.
- b. ...leitar skjóls í konfektakassa.
- c. ...ferð út að ganga með hundinn og ýtir frá þér hugsunum um mat

3. Það er annar í jólum og gott í sjónvarpinu. Þú...

- a. ...kemur þér notalega fyrir með konfektakassa og jólasnákökur ásamt jólablandi.
- b. ...þú poppar í örbylgjunni og grípur pepsi max.
- c. ...færð þér stóra könnu af vatni og niðurskorna ferska ávexti og kemur þér vel fyrir.

4. Það er gamlárskvöld og brjálað fjör. Þú...

